



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
UM SJÀLFBAÆRA ÞRÖUN

FRAMTÍD FYRIR ALLA





O
D
S



MARKMIÐ 1

ENGIN FÁTÆKT

Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.

- Tryggja að allir samfélagsþegnar hafi aðgang að stuðningsþjónustu eins og læknisþjónustu og hafi atvinnu. Þetta kallast félagsleg vernd og er ætlað að vernda og styðja við þá sem eru fátækastir og mest bersjaldaðir.
- Tryggja að auðlindum sé úthlutað jafnt, þannig að efnaminna fólk hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu, vinnuafli, landi, tækni og geti stofnað fyrirtæki sem stuðlar í kjölfarið að efnahagsvexti.

Hvers vegna er betta mikilvægt fyrir ungt fólk?
Hvað annað þarf til að tryggja réttindi ungs fólks?





MARKMIÐ 2

EKKERT HUNGUR

Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.

- Útrýma vannæringu með því að bæta gæði félagslegrar þjónustu fyrir börn, mæður og aldraða og tryggja nóg af öruggum og næringarríkum mat allt árið.
- Auka landbúnaðarframleiðslu og tekjur småbænda, sérstaklega kvenna og frumbyggja, virða umhverfið, fjölbreytileika hvers svæðis og auðlindir þess.
- Koma í veg fyrir þurrka, flóð og aðrar hamfarir.
- Vernda fjölbreytileika tegunda af fræjum, uppskeru og bústofni (húsdýra og villtra), og dreifa ávinningi af þessum auðlindum jafnt.

SAGAN AF PÁLU OG LÍSU

Pála hafði sífellt áhyggjur því Lísa tveggja ára dóttir hennar var smærri og grennri en aðrar stelpur á hennar aldri. Þær bjuggu í fjöllunum þar sem var mjög kalt, þannig að Pála gaf Lísu heita súpu og soð. Þar til einn dag, þegar Pála sá skilaboð frá ríkisstjórninni í sjónvarpinu þar sem mæðrum var ráðlagt að gefa börnum grænmeti, egg og kjöt í stað súpu og soðs. Eftir það hóf Pála að bæta næringu og heilsu barnsins síns.

Hverju þarf að huga að til að tryggja aðgang allra að góðum og næringarríkum mat?



MARKMIÐ 3

HEILSA OG VELLÍÐAN

Stuðla að heilbrigðu lífneri og vellíðan fyrir alla á öllum aldri.



Það á að vernda alla fyrir sjúkdómum og slysum fyrir árið 2030.

Að hverju þarf að huga til að vernda réttindi ungs fólks?

- Draga úr fjölda mæðra sem deyja af barnsförum.
- Koma í veg fyrir dauða ungbarna og barna undir fimm ára aldri.
- Útrýma smitsjúkdómum eins og alnæmi, einnig lifrabólgu og sjúkdómum sem berast með menguðu vatni.
- Fræða fólk um forvarnir og misnotkun lyfja og áfengis, auk geðheilbrigðismála.
- Veita ráðgjöf um getnaðarvarnir, kynfræðslu og kynheilbrigði.
- Tryggja að allir njóti réttar til heilsu, sem felur í sér hágæða læknispjónustu og aðgang að lyfjum og bóluefnum á viðráðanlegu verði.



MARKMIÐ 4

MENNTUN FYRIR ALLA

Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun án aðgreiningar og stuðla að tækifærum fyrir alla til náms alla ævi.

- Tryggja öllum aðgang að menntun, byrja á grunnmenntun.
- Veita ungmennum og fullorðnum aukin tækifæri til að sækja tækni- og starfsmenntun til að auka möguleika þeirra á að fá betri störf.
- Útrýma ójöfnum tækifærum, karla og kvenna, barna með fötlun, frumbyggja og fórnarlamba átaka, til náms.
- Bæta aðstöðu til náms og veita öruggt og jákvætt umhverfi fyrir alla.
- Auka fjölda skólastyrkja fyrir starfs- og tækninám, bæði í innanlands og utan.
- Hafa betur þjálfaða kennara.
- Efla fræðslu um sjálfbæra þróun.

SAGA KARMENAR

Karmen og bræður hennar tveir gengu ekki í skóla. Þau hjálpuðu foreldrum sínum á bænum þeirra og áttu ekki pening til að fara í skóla. Það breyttist þegar ríkið opnaði nýjan skóla sem bauð upp á ókeypis menntun. Öll börnin í kringum þau gátu farið í þennan skóla. Þau fóru ekki bara í skóla, heldur lærðu um fræ, tækni til að auðvelda vökvun á uppskerunni og aðra mikilvægga hluti. Í stuttu máli, þá var þetta skóli þar sem allir höfðu jafnan rétt, hvort sem það voru stelpur eða strákar, ríkir eða fátækir. Allir hafa sama rétt til menntunar.

Hvað annað þarf til að öll börn og unglingar njóti góðrar menntunar?



MARKMIÐ 5

JAFNRÉTTI KYNJANNA



Sigga

Sigga: Hæ! Gettu hvað?!

Óskar: Hæ Sigga! Hvað segirðu gott?

Sigga: Ég komst inn í tækniskólann!

Óskar: Frábært! Hvað ertu að fara að læra?

Sigga: Bifvélavirkjun.

Óskar: Aha! Já einmitt ... Nei, í alvöru ... ?

Sigga: Já, í alvöru!

Óskar: En af hverju viltu læra það?

Sigga: Ég hef aðstoðað pabba á bílaverkstæðinu hans frá því að ég var lítil. Petta er ekki bara fyrir stráka.

Óskar: Ekkert mál, ekki verða reið. Heyrðu, billinn hans pabba bilaði í gær, geturðu kannski hjálpað okkur?

Sigga: Já, auðvitað, mín er ánægjan, sjáumst.



Tryggja jafnrétti kynjanna og valdeflingu allra kvenna og stúlkna.

- Binda enda á allar tegundir ofbeldis gegn konum og stúlkum, þar á meðal kynlífssþrælkun og aðrar tegundir misnotkunar.
- Binda enda á allar athafnir og hefðir sem geta skert líkamlega og andlega heilsu og kynheilbrigði kvenna og stúlkna.
- Viðurkenna og meta að verðleikum vinnu kvenna heima fyrir.
- Hvetja konur og stúlkur til jafnra tækifæra og að láta í sér heyra, til að þær hafi jöfn tækifæri til þátttöku á öllum pólitískum, efnahagslegum og opinberum sviðum.
- Vernda rétt kvenna til kynheilbrigðis.
- Móta stefnur og lög til að tryggja jafnrétti kynjanna.

Af hverju skiptir þetta móti fyrir þig? Hvað er hægt að gera fleira til að tryggja jafnrétti karla og kvenna, stráka og stelpna?



MARKMIÐ 6

HREINT VATN OG SALERNISAÐSTAÐA

Tryggja aðgengi og sjálfbæra nýtingu allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu.

- Tryggja að allir hafi aðgang að hreinu vatni.
- Tryggja að allir hafi aðgang að salernisaðstöðu (skólpí og meðhöndlun úrgangs) og fræðslu um heilbrigðar hreinlætisvenjur.
- Fylgjast með gæðum vatns til að draga úr mengun. Koma í veg fyrir að mengunarvaldandi eftum sé fleygt í vatnið.
- Bæta nýtingu vatns, þróa betri leiðir fyrir endurnýtingu þess.
- Auka samfélagsvitund til að tryggja virka þátttöku í bættri vatnsstjórnun og salernisaðstöðu.

SAGA MATTHIASAR

Matthías og næstum öll börnini í hverfinu hans voru veik. Fullorðna fólkjó glímdi einnig við einhvers konar heilbrigðisvandamál. Þegar þau fóru á næstu heilsugæslustöð, sögðu læknarnir þeim að ástæðan væri líklegast vatnið – sem er flutt í tanki annan hvern dag – frá því að þau fóru að neyta vatnsins fór fólk að fá einkenni. Vatnið var mengað og þar sem mjög fáir voru með gaseldavél gat fólk ekki soðið vatnið áður en það fékk sér að drekka eða notaði það til eldunar.



Hvað annað er hægt að gera til að allir hafi aðgang að hreinu vatni?





MARKMIÐ 7 SJÁLFBÆR ORKA

Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

- Tryggja öllum aðgang að öruggri orku.
- Stuðla að bættum neyslumenjum til að spara orku.
- Tryggja öllum aðgang að hreinni orku, auk upplýsinga og rannsókna.

Áf hverju er orka mikilvæg fyrir þig?



MARKMIÐ 8

GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mansæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.


- Bjóða næg atvinnutækifæri sem hvetur til sköpunarmáttus og nýsköpunar.
- Tryggja verndun náttúruauðlinda okkar og að tekið sé tillit til þeirra í allri atvinnustarfsemi.
- Stuðla að mansæmandi vinnu fyrir alla: konur og karla, ungmenni og fólk sem býr við fötlun.
- Draga úr fjölda atvinnulausra ungmenna með því að auka aðgengi að menntun.
- Koma í veg fyrir og útrýma barnaþrælkun, þar á meðal kvaðningu barna til herþjónustu.
- Grípa til aðgerða á heimsvísu til að skapa fleiri störf fyrir ungt fólk.

Af hverju er þetta markmið mikilvægt fyrir börn og unglunga? Hvað fleira er hægt að gera til að tryggja réttindi þeirra?



MARKMÍÐ 9

NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



Fyrirtæki bera líka ábyrgð á að hugsa um umhverfið okkar með því að framleiða vörur sem skaða ekki jörðina.

Fyrirtæki eiga líka að skipuleggja starfsemi sína þannig að þau skaði ekki samfélagið og umhverfið heldur hafi jákvæð áhrif á þróun samfélagsins.

Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

- Veita litlum fyrirtækjum aðgang að lánsfé og tæknilega aðstoð til að styðja við vöxt þeirra.
- Tryggja að fyrirtækin stuðli að sjálfbærri þróun og skaði ekki umhverfið.
- Ráðstafa fjármagni til rannsókna á sérþörfum landsins og bættri tækni.
- Tryggja aðgang allra að internetinu og nýrri tækni fyrir árið 2020, sérstaklega þeirra sem búa í þróunarríkjum.

Heldur bú að ríki heims og fyrirtæki geti gert meira fyrir umhverfið?



MARKMIÐ 10

AUKINN JÖFNUUR



Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

- Veita fólk sem býr við fátækt stuðning til að stuðla að hröðum og sjálfbærum hagvexti.
- Tryggja að lög og venjur mismuni ekki neinum hópi fólks, heldur taki tillit til þarfa allra og hlusti á innlegg þeirra sem verða fyrir beinum áhrifum.
- Tryggja að lög og félagsleg verkefni verndi þá sem minna mega sín. Til dæmis þegar kvótar eru ákveðnir fyrir stjórnmálflokkka þarf einnig að taka ungmenni, konur, frumbyggja og fólk sem býr við fötlun með í myndina.
- Tryggja að fólk sem flyst búferlum frá einu landi til annars njóti verndar samkvæmt lögum.





MARKMIÐ II

SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



Fyrir árið 2030, verðum við að búa í hreinum, öruggum borgum, í góðu húsnæði með grunnþjónustu.



Hvað er mikilvægast til að börn og unglingar geti búið í betri borgum og samfélögum?

Gera borgir og aðra búsetu manna örugga og sjálfbæra fyrir alla.

- Tryggja að allir hafi aðgang að öruggu og góðu húsnæði ásamt grunnþjónustu.
- Bjóða upp á öruggar, skipulagðar samgöngur sem skaða ekki umhverfið og eru sérhannaðar til að þjónusta börn, konur og þá sem minna mega sín.
- Virkja samfélög til að skipuleggja sig og bæta borgirnar.
- Efla skilning og verndun umhverfis og menningar.
- Efla þekkingu og þjálfun samfélags gegn hörmungum.
- Tryggja eftirlit með loftgæðum og meðhöndlun úrgangs.
- Undirbúa samfélög til að stjórna náttúruauðlindum sínum og takast á við loftslagsbreytingar.



MARKMIÐ 12

ÁBYRG NEYSLA



Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslumynstur.

- Koma í veg fyrir sóun á matvælum hjá einstaklingum og fyrirtækjum.
- Tryggja að alþjóðasamningar um meðhöndlun skaðlegra efna séu uppfylltir, fyrir árið 2020, til að tryggja hreint loft og vatn og óspilltan jarðveg.
- Draga úr myndun úrgangs með því að draga úr neyslu og endurnýta.
- Ganga úr skugga um að stóru fyrirtækin séu samfélagslega ábyrg og starfshættir þeirra opnir og umhverfisvænir.
- Bjóða almenningi upp á menntun og tækifæri til að lífa í sátt og samlyndi við náttúruna.

Eru einhverjar fleiri aðgerðir sem hafa þarf í huga að bínu mati?





MARKMIÐ 13

VERNDUN JARÐARINNAR



Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

- Tryggja að fólk sé vel undirbúið fyrir hættur tengdar loftslagi og náttúruhamförum.
- Setja loftslagsbreytingar á dagskrá ríkisstjórnar og úthluta fjármagni til að berjast gegn þeim.

Er þetta mikilvægt fyrir börn og unglings? Hvað fleira þarf að hafa í huga?



MARKMIÐ 14

LÍF UNDIR VATNI



Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt til að styðja við sjálfbæra þróun.

- Draga úr mengun sjávar fyrir árið 2025, þar sem stórt hluti mengunarinnar er frá landi af mannavöldum.
- Innleiða lög sem banna ólöglegar fiskveiðar og aðrar skaðlegar veiðivenjur, fyrir árið 2020.
- Veita fátaekum löndum og litlum eyríkjum fjárhagsaðstoð til að vernda og hafa betri stjórn á auðlindum hafssins, með framtíðina í huga.

Er betta mikilvægt fyrir börn og unglings? Hvað þarf að hafa í huga?





MARKMÍÐ 15

LÍF Á LANDI



Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu landvistkerfa, sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva og snúa við jarðvegseyðingu og sporna við hnignun líffræðislegs fjölbreytileika.

- Vernda og friða vistkerfi (til dæmis, eyðimerkur og regnskóga) með því að virða undirritaðar alþjóðasamþyktir.
- Draga úr eyðingu skóga og planta fleiri trjám til að endurrækta skóga fyrir árið 2020.
- Vernda tegundir í útrýmingarhættu og koma í veg fyrir að þær deyi út; stöðva stjórnlausar veiðar og verslun með verndaðar tegundir úr jurta- og dýraríkinu. Tryggja þátttöku frumbyggja.

Er betta mikilvægt fyrir börn og unglunga? Hvað þarf að hafa í huga?



MARKMIÐ 16

FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

Í dag var góður dagur.

Af hverju?

Frábært! Skrifaði fullorðna fólkid undir!

Fullorðnir, börn, allir voru sammála um að binda endi á vítahring ofbeldis.

Þessi lög munu vernda okkur og tryggja rétt okkar til að lifa án ofbeldis.

Hvað er meira hægt að gera til að útrýma ofbeldi? Og til að útrýma ofbeldi gegn börnum?

Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja jafnan aðgang að réttarkerfi og koma á fót skilvirkum og ábyrgum stofnunum fyrir alla á öllum stigum.

- Útrýma ofbeldi í heiminum og dauðsföllum því tengdu.
- Útrýma misnotkun, mansali og öllum tegundum ofbeldis og pyntinga gagnvart börnum.
- Tryggja að allir hafi jafnan aðgang að réttlátri málsmeðferð í sínu landi og á alþjóðavísu.
- Berjast gegn glæpum og spillingu af öllu tagi.
- Bæta stofnanir í heimabyggð til að auka traust meðal íbúa.
- Tryggja að ríkisstjórnir hafi samráð við almenning og allar þeirra ákvæðanir séu með hagsmuni barna og fullorðinna í huga. Til að mynda skal haft samráð við börn áður en lög sem hafa áhrif á líf þeirra eru undirrituð.
- Tryggja að öll börn séu skráð við fæðingu.
- Tryggja að allir hafi frjálsan aðgang að upplýsingum.
- Styrkja stofnanir sem vinna gegn ofbeldi, hryðjuverkum og glæpastarfsemi.





MARKMIÐ 17

ALÞJÓÐLEG SAMVINNA



Styrkja framkvæmd og blása lífi í hnattræna samvinnu um sjálfbæra þróun.

- Hjálpast að við að tryggja að öll lönd hafi náð markmiðunum fyrir árið 2030. Heimsmarkmiðin eiga að vera hluti af áætlun hverrar ríkisstjórnar og hvert ríki á að ákveða hvaða málefni eru mikilvægust fyrir sitt fólk.
- Tryggja að hvert ríki nýti eigin auðlindir til að ná markmiðunum. Að auki, ættu þróuð lönd að skuldbinda sig til að styðja við markmiðin í vanþróuðum löndum.
- Virða stefnur landa, að því gefnu að þær séu samræmdir. Þú getur til dæmis ekki búið til reglur til að vernda náttúruauðlindir og gefið leyfi fyrir nýtingu þeirra á sama tíma.
- Vinna með þeim stofnunum og einstaklingum sem hafa í mörg ár unnið að ýmsum málefnum tengdum nýju þróunar-markmiðunum. Þessar stofnanir og einstaklingar eiga að taka þátt í því að vinna að markmiðunum þar sem reynsla þeirra og stuðningur er nauðsynlegur.
- Tryggja að ríki heims bæti gögn sín og meðhöndlun tölfraðilegra upplýsinga til að þau geti metið framgang sinn í áttina að því að ná markmiðum um sjálfbæra þróun.

Nú þegar þú þekkir öll Heimsmarkmiðin, tengdu þá hvert markmið við viðeigandi tákn.

MARKMID 1 – ENGIN FÁTÆKT

MARKMID 2 – EKKERT HUNGUR

MARKMID 3 – HEILSA OG VELLÍÐAN

MARKMID 4 – MENNTUN FYRIR ALLA

MARKMID 5 – JAFNRÉTTI KYNJANNA

MARKMID 6 – HREINT VATN OG SALERNISAÐSTAÐA

MARKMID 7 – SJÁLFBÆR ORKA

MARKMID 8 – GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

MARKMID 9 – NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

MARKMID 10 – AUKINN JÖFNUÐUR

MARKMID 11 – SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

MARKMID 12 – ÁBYRG NEYSLA

MARKMID 13 – VERNDUN JARÐARINNAR

MARKMID 14 – LÍF UNDIR VATNI

MARKMID 15 – LÍF Á LANDI

MARKMID 16 – FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

MARKMID 17 – ALPJÓÐLEG SAMVINNA



ÞAKKA ÞÉR FYRIR AÐ TAKA ÞÁTT!

Áður en við kveðjum, skulum við ræða eftirfarandi í hópum:



Hvaða markmið finnst bér vera mikilvægust fyrir börn og unglings? Gerðu lista yfir markmiðin í forgangsröð.

1

2

3

4

5



 Er eitthvað sem bú telur vera mikilvægt til að tryggja réttindi barna og unginga sem er ekki minnst á hér? Hvað gæti það verið?



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 GÖÐ
HELSA



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
SALERNISADSTADA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÖÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBÝGGING



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR
BORGIR OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG
NEYSLA



13 VERNDUN
JARDARINNAR



14 LÍF UNDIR
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRIBUR OG
RÉTTLÆTI



17 ALPJÓÐLEG
SAMVINNA



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun